

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

1. gr.

Við 13. gr. bætist ný mgr. sem orðast svo:

Öll vöktun forgangsefna í yfirborðsvatni, í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns, skal vera í samræmi við staðal IST EN ISO/IEC - 17025 eða aðra þá staðla sem tilgreindir eru í III. viðauka, 1.3.6.

2. gr.

Eftir 3. mgr. 14. gr. bætist við ný mgr. sem orðast svo:

Öll vöktun forgangsefna í grunnvatni, í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns, skal vera í samræmi við staðal IST EN ISO/IEC - 17025 eða aðra þá staðla sem tilgreindir eru í III. viðauka, 1.3.6.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í d-lið 29. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tæknilegar skilgreiningar á efnagreiningum og vöktun á vatni, með tilvísun til tilskipunar ráðsins 2000/60/EB.

4. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. október 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.